



Afmæliskveðja frá forseta Íslands

Við Dorrit óskum Kvenfélagasambandinu til hamingju með merkisafmæli og vonum að hátíðin verði ykkur öllum til ánægju og gleði, aflvaki til styrktar starfinu á komandi árum.

Okkur þykir leitt að geta ekki vegna ferðar til fjarlægra landa tekið þátt í samkomunni 1. febrúar.

Afmæli Kvenfélagasambandsins er áminning um hinn ríkulega þátt samtaka kvenna í baráttunni fyrir auknum réttindum, tímamót sem tengjast hátíðarhöldum og viðburðum sem væntanleg eru um allt land þegar við á næstum misserum minnumst þess að hundrað ár eru liðin frá því konur fengu rétt til að kjósa til Alþingis, sinna löggjafarstörfum til jafns við karla.

Vítt og breitt um byggðir landsins hafa kvenfélögin staðið vaktina, rutt brautir, aukið samstöðu, verið í forystu fjölmargra þjóðþrifaverka; og jafnframt verið burðarásar í mannlífi og menningu héraðanna.

Það þekkjum við vel sem ólumst upp í dreifðum byggðum þar sem kvenfélagið var í senn samnefnari og árlega ábyrgt fyrir helstu hátíð þorpsins.

Saga Íslands á síðustu öld er á margan hátt samofin baráttu og starfi kvenna og á hinn nýju öld er staða íslenskra kvenna orðin fyrirmynd, hvatning til að skapa í öðrum löndum betra og réttlátara þjóðfélag.

Í fyrra setti Alþjóða efnahagsráðið Ísland í fyrsta sæti þegar metin var staða kvenna víða um heim á vettvangi lýðræðis og þjóðmála. Það var verðmæt viðurkenning; árangur sem var ærið fjarlægur þegar konur komu saman til að stofna fyrstu kvenfélagin.

Kvenfélagasamband Íslands getur því með stolti fagnað þessu afmælisári og jafnframt litið sóknjarft til nýrra tíma.

*Barður Guðmundsson,
Dorrit Guðmundsdóttir*

Barður Guðmundsson 31. janúar 2015